



Fréttabréf hjúkrunar á Landspítala

2. tbl. 2023

- Útgefandi: Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala
- Ritstjórn: Eygló Ingadóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
- Yfirlestur: Þorgerður Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
- Myndir: Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala og fleiri

Fréttabréf hjúkrunar á Landspítala er gefið út tvisvar á ári. Fyrra tölublaðið birtir yfirlit yfir starfsemi fagraða í hjúkrun veturinn á undan en seinna tölublaðið birtir stutt yfirlit yfir viðburði, verkefni og fréttir á árinu sem mikilvægt er að deila.

Markmið með útgáfu fréttabréfs hjúkrunar á Landspítala að upplýsa um stöðu hjúkrunar á spítalanum og þau verkefni sem eru í gangi.

Skipulag og samráð um hjúkrun



- Skipurit Landspítala. Áfram hefur verið unnið að skipulagsbreytingum á Landspítala en nýtt skipurit mun taka gildi þann 1. apríl 2024. Ný staða forstöðuhjúkrunarfræðinga, forstöðulækna og fleiri stétta munu m.a. verða auglýstar á spítalanum, en markmiðið með þessum breytingum er m.a. að samþætta þjónustu, bæta gæði, styrkja mönnun og margt fleira.
- Stefnuráðsfundir hjúkrunar. Fjórir stefnuráðsfundir voru haldnir á árinu, en framkvæmdastjóri hjúkrunar heldur reglulega þessa samráðsfundi í hjúkrun með deildarstjórum hjúkrunar, sérfræðingum í hjúkrun og ljósmóðurfræði, forstöðumönnum fræðasviða í hjúkrun og ljósmóðurfræði og nokkrum lykilaðilum í hjúkrun á Landspítala.
- Daglegt stöðumat. Stöðumatsfundir Landspítala voru endurskoðaðir og byrjuðu þeir með nýju fyrirkomulagi í byrjun maí 2023. Þeir eru alla virka daga kl. 11.15 á Teams og niðurstöður hans birtar á WP: [Landspítali - stöðumat](#)
- Fyrirkomulag innlagna af bráðadeild Landspítala. Í apríl 2023 var verklag, sem upprunalega var stofnað til árið 2016, uppfært en það hefur það að markmiði að tryggja betur öryggi sjúklinga og að dreifa álagi jafnara á deildir spítalans. Landspítali, líkt og sjúkrahús um heim allan, hefur þurft að aðlagast nýjum áskorunum sem tengjast fjölgun landsmanna og ferðamanna, fjölgun aldraðra og veikari sjúklingum, auk skorts á heilbrigðisstarfsfólki og færri leguplássum. Verklagið felst í því að dreifa sjúklingum af bráðamóttöku á deildir í samræmi við innlagnastig spítalans hverju sinni skv. [gæðaskjali LSH-4346](#).
- Starfslýsingar í hjúkrun og ljósmóðurfræði voru endurskoðaðar árið 2023 með víðtæku samráði og eru þær nú vistaðar í Gæðahandbók Landspítala í kafla 1.08.01.02 til að tryggja reglubundna endurnýjun á þeim. Um er að ræða starfslýsingar fyrir [deildarstjóra/yfirljósmóður](#), [aðstoðardeildarstjóra](#), [sjúkraliða](#), [hjúkrunarfræðinga](#), [ljósmæðra](#), [félagsliða](#), [sérfræðinga í](#)

[hjúkrun / sérfræðiljósmyndur](#), [starfsmenn í umönnun](#), [hjúkrunarnema í starfi](#) og [sjúkraliðanema í starfi](#).

- Á Landspítala var ákveðið 2023 að ráðast í verkefni sem hefur það að markmiði að efla og auka virkt samtal við sjúklinga og aðstandendur og tryggja að sjónarmið þeirra séu tekin til greina og nýtt til umbóta í allri starfsemi spítalans. Verkefnið er í takti við stefnu og gildi Landspítala og þá framtíðarsýn spítalans að veita framúrskarandi heilbrigðisþjónustu í fjölbreyttu og sístækkandi samfélagi og laga sig að breytilegum þörfum sjúklinga og aðstandenda þeirra. Margrét Manda Jónsdóttir, deildarstjóri á meðferðargeðeild geðrofssjúkdóma, leiðir verkefnið.

Evrópudagur sjúkraliða

Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala, fór á stúfana í tilefni Evrópudags sjúkraliða 26. nóvember 2023 og tók myndir af nokkrum sjúkraliðum við störf á spítalanum. Á myndunum má sjá James Þór M. Fantonial Pros, sjúkraliða á hjarta-, lungna- og augnskurðeild, Debbie Ann, sjúkraliða á blóð- og krabbameinsdeild 11EG, Guðlaugu H. Ingvarsdóttur, sjúkraliða á speglun, Garðar Bjarkason, sjúkraliðanema á hjarta-, lungna- og augnskurðeild og Pranveru Vesalaj.



Alþjóðadagur hjúkrunar

Alþjóðadagur hjúkrunar 12. maí 2023. Efnt var til hádegisfyrirlesturs þar sem Elísabet Herdísar Bryndísardóttir, hjúkrunarfræðingur, fjallaði um heilbrigði jarðar og þátt hjúkrunarfræðinga í að viðhalda henni. Hægt er að horfa á fyrirlesturinn [hér](#) á WP síðu Landspítala.

Verkefni sem efla hjúkrun

- Vorið 2023 voru hélt framkvæmdastjóri hjúkrunar þrjár *What matters to you* vinnustofur undir stjórn Mörtu Jóns Hjördísardóttur, verkefnastjóra á verkefnastofu. Vinnustofurnar voru haldnar með aðstoðardeildarstjórum hjúkrunar og svo hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og ljósmæðrum á legudeildum annars vegar og dag- og göngudeildum hins vegar. Útkoma fundanna var m.a. mikilvægi góðra samskipta innan og utan deilda, góðs skipulags í starfseminni og efling teymisvinnu.
- Umönnunarnámskeið. Árið 2023 var sérstakt rafrænt kennsluefni gert fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem taka að sér að leiðbeina starfsmönnum sem hefja störf við umönnun, án þess að hafa til þess menntun. Námskeiðið byggir á upptökum af fyrirlesturum, verklegri sýnikennslu og því að framkvæma sjálfur verk undir leiðsögn. Dr. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun, sá um skipulag og gerð námskeiðsins og er það opið innan og utan Landspítala. Hér er tengill á [Umönnunarnámskeið fyrir starfsmenn í umönnun - Landspítali \(landspitali.is\)](#)
- Stuðningur í starfi / handleiðsla. Sumarið 2023 var 3. árs hjúkrunarnemum og nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum í sumarvinnu boðinn markviss stuðningur í starfi og handleiðsla. Reglubundin handleiðsla fyrir deildarstjóra hefur verið eflid og stefnan er að handleiðsla verði í boði fyrir alla hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ljósmæður. Einnig stendur til boða aukinn stuðningur fyrir starfsfólk Landspítala á velferðartorgi Landspítala þar sem hægt er að bóka tíma hjá ýmsum sérfræðingum, m.a. sálfræðingum og starfsmannahjúkrunarfræðingum, [sjá hér](#).
- Dr. Alison Kitson, prófessor frá Flinders University í Adelaide í Ástralíu, hélt fyrirlestur á Landspítala 30. mars 2023 sem hét: Undirstöður gæðaumönnunar til framtíðar, leiðin til árangurs. Í kjölfar svartrar skýrslu um hjúkrun í Staffordsskíri á Englandi árið 2006 stofnaði hún ásamt fleirum alþjóðlegan hóp, [International Learning Collaborative](#) árið 2008, sem hefur það að leiðarljósi að stuðla að og rannsaka einstaklingsmiðaða gæðaumönnun. Á WorkPlace síðu innan Landspítala er hægt að [horfa á fyrirlesturinn á Wp síðu hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra](#).



Nám og þjálfun á Landspítala

- Framkvæmdastjóri hjúkrunar, Ólafur G. Skúlason, veitti í september bæklunarskurðeild B5 viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsumhverfi hjúkrunar- og sjúkraliðanema, en viðurkenningin er veitt á grundvelli gæðakannana sem nemendur svara eftir hvert klínískt námstímabil. Á B5 voru móttökur nemenda góðar og vel var fylgst með námsframvindu þeirra og námstækifæri voru vel nýtt, sjá [frétt hér](#)
- Í nóvember 2023 var [Edda, nýtt námsumsjónarkerfi](#), tekið í notkun fyrir allt starfsfólk spítalans. Edda tók við af Eloomi sem var búið að vera tilraunaverkefni til nokkurra ára. Í Eddu getur starfsfólk sótt rafræn námskeið og haldið utan um sína námssögu. Kerfið veitir stjórnendum og höfundum námskeiða einnig þann möguleika að fylgjast með framvindu síns efnis og starfsfólks. Innleiðing kerfisins heldur áfram árið 2024 og er þjónusta við það í höndum starfsfólks menntadeildar. Hægt er að hafa samband í gegnum netfangið edda@landspitali.is ef einhverjar spurningar eru.
- Í hermisetri Landspítala er heilbrigðisstarfsfólk þjálfað í óvæntum atvikum og samskiptum til að búa það undir erfiðar aðstæður og auka öryggi sjúklinga [sjá hér](#).
- Menntadeild Landspítala og Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands hafa sl. misseri unnið saman að standsetningu nýs og stórglæsilegs færni- og hermiseturs í Eirbergi. Um er að ræða vel útbúið setur fyrir alla verklega kennslu. Með tilkomu setursins, sem kallað hefur verið Hermís, aukast möguleikar Landspítala til að sinna færni- og hermikennslu til muna.
- Metfjöldi nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga byrjaði á fyrra starfsþróunarári hjúkrunar haustið 2023, eða um 110 hjúkrunarfræðingar. Menntadeild Landspítala starfrækir líka framhalds starfsþróunarár og sérstakt starfsþróunarár fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga. Handleiðsla er einnig hluti af starfsþróunarárunum.
- Öflug fræðsla er í boði fyrir sjúkraliða. Sem dæmi má nefna sérstakar námslínur fyrir sjúkraliða í rafrænu námsumhverfi, en einnig fræðsludaga þar sem m.a. er fjallað um fagmennsku, öryggi sjúklinga og fleira. Nánari upplýsingar eru í [Námsskrá](#)
- Haustið 2023 byrjuðu 11 hjúkrunarfræðingar / ljósmæður í sérnámi til sérfræðings í hjúkrun eða ljósmóðurfræði á Landspítala. [Hér má sjá nánari upplýsingar um sérnám til sérfræðings.](#)



Í janúar 2023 útskrifuðust fjórir hjúkrunarfræðingar og ein ljósmóðir úr starfsnámi til sérfræðingsréttinda í hjúkrun og ljósmóðurfræðum. Sérfræðinámið er tveggja ára launað nám og þjálfun að loknu meistaraþrófi en markmið þess er að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fái tækifæri til að þróa sérfræðipækkingu á ákveðnu klínísku fræðasviði. Hér má sjá mynd frá útskriftinni en þar má sjá Höllu Ósk Halldórsdóttur, ljósmóður, Helgu Ýr Erlingsdóttir, hjúkrunarfræðing, Katrínu Eddu Snjó-

laugsdóttur, hjúkrunarfræðing, Snædísí Jónsdóttur, hjúkrunarfræðing og Vigdísí Friðriksdóttir, hjúkrunarfræðing, ásamt Hrund Scheving Thorseinsson, deildarstjóra menntadeildar, Katrínu Blöndal, kennslustjóra starfsnámsins og Ólaf G. Skúlason, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala.

Gæðamál í hjúkrun

Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala skal sérstaklega leggja áherslu á þrjú gæðamál í hjúkrun á spítalanum, en það eru fyrirbygging þrýstingssára, byltna og óráðs hjá sjúklingum.

Þrýstingssáravarnir á Landspítala

- Á árinu var gefinn út [nýr fræðslubæklingur fyrir sjúklinga og aðstandendur um þrýstingssáravarnir](#) og opnuð vefsíða um um sama efni <https://www.landspitali.is/fagfolk/reglur-leidbeiningar-handbaekur-og-frettabref/thrystingssaravarnir/>
- Síðla árs 2023 voru teknar í notkun [130 nýjar loftdýnur](#) en þær voru gjöf frá Minningargjafasjóði Landspítala. Loftdýnurnar eru tvennskona, annars vegar með mótör og hins vegar án mótors. Að auki var skipt um svampdýnurá spítalanum. Gefinn hefur verið út [leiðarvísir til að auðvelda starfsfólki val á dýnum](#).
- Á tveggja ára fresti er framkvæmd gæðakönnun á stöðu þrýstingssára hjá sjúklingum á Landspítala og var slík könnun framkvæmd 8. nóvember 2023. Algengi þrýstingssára reyndist vera 15,6% sem er mun meira heldur en í gæðakönnun frá 2021, en þá var það 12%.
- Umbótaverkefni í þrýstingssáravörnum, þar sem skerpt er á verklagi tengt HAMUR og skráning er eflað, er í fullum gangi á nokkrum legudeildum. Nýjar deildir munu hefja þá vegferð í janúar 2024 en alls hafa 7 legudeildir lokið innleiðingu. Greinilegt er að deildir sem innleitt hafa HAMUR komu betur út í ofangreindri gæðakönnun.

Byltuvarnir á Landspítala

- Áfram er unnið að innleiðingu markvissra þverfaglegra byltuvarna á deildum Landspítala en byltum fjölgaði samt á milli ára, úr 5,3 á hverja 1000 legudaga árið 2022 í 5,5 árið 2023. Margar ástæður geta legið þar að baki, t.d. aukinn hrumleiki og hjúkrunarþyngd sjúklinga.
- Árið 2024 stendur til að prófa nýja byltuvarnarskynjara á deild 14EG sem byggja á gervigreind, en kerfið heitir [Qumea](#). Skynjarar eru festir í loftið og senda viðvaranir í sérstakt app í síma starfsfólks, ef sjúklingurinn er í byltuhættu. Þess má geta að upplýsingar um sjúklinga eru ópersónugreinanlegar og ekki sést hvað verið er að gera hjá sjúklingum.
- Byltuvarnarnefnd Landspítala kom að skipulagningu málbings í tilefni alþjóðlegs dags byltuvarna 22. september 2023 og bar dagurinn heitið *Dagur byltuvarna, ábyrgð okkar allra*. Hér má sjá fyrirlestur Ölmú Möller, landlæknis, um [lyf sem áhættuþátt byltna](#), fyrirlestur Bergþóru Baldursdóttur, sérfræðings í sjúkráþjálfun, um [byltuvarnir á Landspítala](#) og Auðar Ketilsdóttur, sérfræðings í hjúkrun, og fleiri um [innleiðingu verklags á hjartadeild](#), fyrirlestur Sigrúnar Sunnu Skúladóttur, hjúkrunarfræðings og lektors, um [mjólkurneyslu og mjaðmabrotatíðni](#) og Eyþórs Jónssonar læknis um [byltur og vímuefnaneyslu aldraðra](#).

Óráðsvarnir

- Þverfagleg stýriningfund um óráðsvarnir sjúklinga var skipuð á árinu en Elfa Þöll Grétarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, er formaður hennar. Verkefni stýriningfundarinnar eru m.a. að innleiða markvisst verklag óráðsvara, uppfæra gæðaskjöl og skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólks.
- Hér má sjá [nýlegt myndband um birtingarmyndir óráðs og meðferðarúræði](#).

Jafnrétti á Landspítala

- Konur á Landspítala tóku virkan þátt í kvennaverkfallinu 24. október 2023, hvort sem þær voru ómissandi á vakt eða gátu farið á Arnarhól. Hér má sjá myndir frá deginum.
- Undanfarin ár hefur námskeið um jafnrétti, fjölbreytileika og inngildingu staðið öllu starfsfólki Landspítala til boða, til þess að vinna að betri vinnustaðamenningu, hér má sjá viðtöl við Herdísí Sólborgu Haraldsdóttur, Þorstein Einarsson og Sóleyju Tómasdóttur frá Just Consulting um [inngildingu og fjölbreytileika](#) og um [námskeið í jafnrétti og fjölbreytileika](#).
- Samskiptakönnun Landspítala var send út í október 2023 til allra starfsmanna og var svarhlutfallið 49%. Könnunin sýndi m.a. að 12 mánuðina á undan upplifðu 8,6% starfsfólks kynbundna áreitni og 7,7% starfsfólks segist hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. 8,4% starfsmanna Landspítala svara því játandi að hafa orðið fyrir kynþáttafordómum en ef einungis eru skoðuð svör frá starfsfólki með annað þjóðerni en íslenskt, þá eru það 38,6%. Í kjölfar niðurstaðna samskiptakönnunar Landspítala árið 2022 skipuðu framkvæmdastjóri hjúkrunar og deildarstjóri mannauðsdeildar hóp til að gera [verklagsreglur um viðbrögð við áreitni sem tengjast fordómum og mismunun](#) en þær eru bæði til á ensku og íslensku. Nánar er hægt að lesa um samskiptakönnunina [hér](#).

